



Breytt Haraldur Sigurðsson eldfjallafræðingur á ferð um svæðið þar sem lónið var í Gígjökli en nú eru þar risastórir ísjakar. Hér heggur hann í ísinn til að skoða óskulög frá fyrri eldgosum.

Sterkara Ísland – þjóð meðal þjóða

Eftir Jón Steindór Valdimarsson

FRÁ því Ísland varð sjálfstætt ríki hefur því í öllum aðalatriðum vegnað vel og komist í hóp þeirra ríkja heimsins þar sem lífskjör eru einna best. Þetta hefur að hluta tekist vegna eigin rammleiks og þrautseigju en ekki síður vegna ytri aðstæðna, ekki síst á alþjóðavettvangi, sem sköpuðu þjóðinni afar hagstæð skilyrði.

Vogarafi

Legu landsins varð að gróðarlegu vogarafi í samskiptum okkar til austurs og vesturs. Síðari heimsstyrjöldin leiddi í ljós hernaðarlegt mikilvægi landsins í styrjöldinni sjálfri og síðan í eftirleik styrjaldarinnar, kalda stríðinu, allt til brotthvarfs Bandaríkjahers frá Keflavíkflugvelli.

Þetta vogarafi nýttum við okkur óspart í uppbyggingunni eftir stríð, t.d. í tengslum við Mars-hall-aðstöðina, síðan í tengslum við alls kyns viðskipti, bæði til austurs og vesturs, loftferðasamninga og ekki síst beittum við því í tengslum við útfærslu landhelginnar. Þetta varð allt undirstaða fyrir aukna völseld og síðar framþróun og umbreytingu í atvinnulífni.

Nýr kraftur

Umbreyting atvinnulífsins seig hægt af stað með aðild Íslands að EFTA 1970 og fríverslunarsamningnum við ESB 1972. Þeir samningar opnaðu samkeppni í iðnaði og þó hún væri erfið í fyrstu varð hún forsenda þess að hér hefur smám saman orðið til þróttmikill iðnaður. Aðild Íslands að EES-samningnum 1994 opnaði fyrir samkeppni á öðrum sviðum atvinnulífsins, nema landbúnaði og sjávarútvegi, auk þess að veita Íslandi aðgang að margvíslegu samstarfi á fjölmörgum sviðum, t.d. vísinda og mennta. Aðildin að EES hleypti enn nýjum krafti í atvinnulífið og þjóðlífið allt.

Þróun alþjóðamála hefur leitt til þess að vogarafið sem við höfum vegna legu Íslands er horfið.



Jón Steindór Valdimarsson

íð. Nú erum við vegin og metin af eigin verðleikum. Við verðum að spila sem best úr þeim spilum sem við höfum á hendu, þau eru vissulega allgóð og þar leynast inn á milli hin þökkalegustu trompspil.

Efnahagshremmingar þær sem hafa gengið yfir heimsbyggðina og ekki síst skekið Ísland sýna svart á hvítu hve háðar þjóðirnar eru hver annarri. Margs konar önnur verk efni krefjast samvinnu og nægir þar að nefna umhverfismál og nýtingu auðlinda. Þá er býsna nærtækt að benda á eldgosíð í Eyjafjallajökli og

» Þróun alþjóðamála hefur leitt til þess að vogarafið sem við höfum vegna legu Íslands er horfið. Nú erum við vegin og metin af eigin verðleikum.

viðtækur afleiðingar þess á fjölmargar þjóðir.

Hreyfiafið

Ísland er Evrópuland. Það er því nærtækast að leitað sé eftir samvinnu við Evrópuþjóðir. Ísland hefur gert það með góðum árangri á líönum áratugum. Við eigum að halda áfram á sömu braut og ganga í Evrópusambandið. Þar getum við beitt okkur á þeim sviðum sem varða okkur mestu og jafnframt miðlað til annarra þar sem við stöndum vel að vígi. Samtímis njótum við styrks af samvinnunni og skjóls af sameiginlegu afli tæplega 30 Evrópuríkja.

Evrópusambandið er hreyfiafi Evrópu og við erum undir áhrifasvæði þess og örlög okkar fara óhjákvæmilega saman. Ísland á að taka fullan þátt í að móta eigin framtíð.

Ég vil sterkara Ísland, Ísland sem er þjóð með alþjóða – þess vegna er ég Evrópusinni.

Höfundur er framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarinnar.

Lúpína og skógarkerfill – eyðing með eitri eða aðrir valkostir?

Eftir Sigmundur Guðbjarnason

Á BLADAMANNAFUNDI í umhverfisráðuneytinu 9. apríl var rætt um að hefta útbreiðslu og uppræta lúpinu og skógarkerfilli í yfir 400 metra hæð yfir sjó. Áhrifaríkasta leiðin til að eyða lúpinu var talin vera að úða hana með eitri.

Litum aðeins nánar á þessar jurtir. Neikvæða hliðin er talin vera sú að þetta eru frekar og kraftmiklar jurtir

sem geta tekið yfir vaxtarsvæði annarra jurta og rutt þeim úr vegi og aukið þannig á fábreytni flórunnar. Rætt hefur verið um að halda þeim í skefjum með því að slá þær eða eyða með eitri. Þegar jurtirnar eru údáðar með eitri þá fer eitrið einnig á annan gróður og í jarðveginn. Þessi eitradi gróður verður nýttur af sauðfé sem gengur laust á sumrin og getur eitrið þannig fengið greiða leið í lömbin og fæðukefju manna. Eitrið sem fer á jörðina hefur einnig áhrif á lífríki moldarinnar og fer jafnframt í grunnvatnið. Það eitir sem menn lita helst til er „Roundup“ eða glyphosate sem er mjög umdeilt illgresiseitur eins og sjá má á netinu. Annar kostur er að slá jurtirnar og halda þeim þannig í skefjum.

Jákvæða hliðin á þessum jurtum er einmitt að þær eru frekar og kraftmiklar. Þær hafa þróað efnavopn sem duga vel í landvinnungum þeirra. Þessi efni mætti vinna og hagnýta á ýmsan hátt. Lúpinan hefur fyrst og fremst verið hagnýtt sem landgræðslujurt, jurt sem hefur breytt ör-foka melum og gróðursnaudum svæðum í gróð land. Lúpinan hefur einnig verið nýtt



Sigmundur Guðbjarnason

sem lækningajurt en Ævar Jóhannesson hefur framleitt lúpinuseyði í rúm 20 ár. Notendur telja margir að seyðið hafi stórlega bætt heilsu þeirra og eru honum þakklátir fyrir aðstöðina.

Skógarkerfill hefur talsvert verið rannsakður hin síðari ár bæði í Asíu (Kóreu, Kína og Japan) og Evrópu (Hollandi og Bretlandi). Hafa menn einkum rannsakð heilsubótarefni í jurtinni en þar er að finna ýmis efni sem

» Jákvæða hliðin á þessum jurtum er einmitt að þær eru frekar og kraftmiklar. Þær hafa þróað efnavopn sem duga vel í landvinnungum þeirra.

hafa marktæk áhrif og hefta t.d. fjölgun krabbameinsfrumna og hafa áhrif á bólgur og bólguvaka, o.m.fl. Þessar freku og kraftmiklu jurtir eru ásamt ætíðvönn meðal öflugustu jurta í íslensku flórinni og geta þjónað sem hráefni í íslenskum líf-efnaíðnaði og í fæðubótarefna framleiðslu. Áður en stríðið við illgresið er hafð, stríð sem gæti haft aðrir afleiðingar, væri heppilegt að kanna hvernig hægt er að nýta þessar jurtir, hvort unnt er og hagnýtt að vinna úr þeim verðmæt efni og gera síkka vinnslu arábæra og atvinnuskapandi.

Höfundur er prófessor emeritus, Saga Medica.